

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

TÍMABUNDIÐ

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Lovísa Rósa Bjarnadóttir
kt. 100277-5659

Ábyrgðarmaður brennu:
Lovísa Rósa Bjarnadóttir
kt. 100277-5659

Staðsetning brennu:
Á Ystahóli í Hólanesi

Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- **Brennu á gamlárskvöld árið 2019 miðað er við að kveikt sé í brennu um kl. 20:00.**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og umsóknar um tímabundið starfsleyfi dags. 4.10.2019.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skytt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til fjögurra ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef breytingar verða á reglum um mengunarvarnir. Ef breytt er um ábyrgðarmann eða staðsetningu skal það tilkynnt til HAUST.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

Leifur Þorkelsson,
heilbrigðisfulltrúi

Samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir brennu

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Leyfið tekur til <u>áramótabrennu</u> , á Ystahóli í Hólanesi þann <u>31. desember 2019</u> með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt, ásamt gildandi lögreglusamþykkt og neðangreindum skilyrðum:	550/2018 5. gr.	
1.2	Leyfishafi er ábyrgur fyrir því að ákvæðum starfsleyfis sé framfylgt.	550/2018 56. gr.	

2. SKILYRÐI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Óheimilt er að hefja söfnun í brennu fyrr en endanlegt leyfi lögregluyfirvalda liggur fyrir ásamt jákvæðri umsögn slökkviliðsstjóra.	325/2016	
2.2	Stærð og umfang á bálkesti skal takmarka við brennutíma, þ.e. að góður logi standi ekki lengur en skemmtan við brennu, eða um fjórar klukkustundir að hámarki. Séð skal til þess að ekki logi lengur í brennu en í 14 klukkustundir. Stærðin skal vera í samræmi við sameiginlegar leiðbeiningar Brunamálastofnunar ríkisins, Hollustuverndar ríkisins og Ríkislögreglustjóra: <i>“Bálkestir og brennur. Leiðbeiningar um vinnutilhögun og leyfisveitingar. Dags. 7. desember 2000.”</i>	325/2016	
2.3	Óheimilt er að kveikja í brennunni ef vindátt er óhagstæð að mati lögreglu.	325/2016	
2.4	Verði notuð olía, við uppkveikju ber að halda notkun hennar í lágmarki. Eingöngu má nota olíu sem afhent er beint frá olíufélagi. Þá skal ekki hella á brennuna fyrr en í fyrsta lagi einum klukkutíma áður en kveik er í og þegar brennan er í “fullu báli” á ekki að hella meiri olíu á.	550/2016 52. gr. og 325/2016	
2.5	Á brennustæði skal vera þykkur og þéttur leirkendur jarðvegur sem getur bundið olíu og fangað þau spilliefni sem niður fara.	325/2016	

2.6	Leyfilegt er að brenna timbur og pappa. Ábyrgðarmanni brennu er skylt að sjá svo um að á brennu fari ekki óæskilegur eldsmatgur á borð við sorp, plast- og gúmmíefni (s.s. plastkassar, fiskikör, netaafskurður, bíldekk og þess háttar), gagnvarið efni, dósir og tunnur með fljótandi eða föstum efnum (s.s. lím- og málningarafgöngum) eða annað sem getur valdið hættulegum sprengingum. Því þarf að vakta brennustæði eða að takmarka aðgengi að svæðinu.	325/2016 3., 18. og 23. gr. og rgl. nr. 550/2018 56. gr.	
2.7	Vöktun á brennu skal vera samfelld sbr. ákvæði í 5. gr. í leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar, Umhverfisstofnunar og Ríkislögreglustjóra ¹ frá 7. desember 2000.	325/2016	
2.8	Sjá skal um að brennustæði sé hreinsað sem fyrst að brennu lokinni og ösku og öðrum úrgangsefnum verði fargað í samráði við áhaldahús bæjarins. Tryggja skal að ekki sé hætta á foki frá brennustæði, hvorki fyrir né eftir brennu.	325/2016 18. og 23. gr. og rgl. nr. 737/2003 11. gr.	
2.9	Öll meðferð skotelda og blysa er bönnuð nema á tímabilinu 28. desember til 6. janúar ár hvert.	414/2017, 6. gr.	
2.10	Ofanskráð ákvæði taka mið af bestu aðstæðum. Áskilinn er réttur heilbrigðiseftirlits til að gera frekari kröfur ef aðstæður krefja s.s. varðandi olíunotkun.	550/2018 og rgl. nr. 325/2016	

Starfsleyfissskýrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 325/2016 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 414/2017 um skotelda.

¹ Gefið út af þáverandi stofnunum (Brunamálastofnun og Hollustuvernd ríkisins).